

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Akranesi.

Deiliskipulag Flatahverfis, klasi 5-6.

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 11. janúar 2005, var samþykkt deiliskipulag klasi 5-6 í Flatahverfi á Akranesi.

Deiliskipulagið er nýtt og gerir ráð fyrir heillegri og fjölbreyttri byggð fjölbýlis- og sér-býlishúsa. Auk íbúðarbyggðarinnar er gert ráð fyrir lóð undir verslunar- og þjónustuhúsnæði, leikskóla, sparkvöll og opin leiksvæði innan klasans.

Framangreint deiliskipulag var auglýst skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi Flatahverfis, klasi 3-4 (Tindaflöt 2-8).

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 25. janúar 2005, var samþykkt deiliskipulagsbreyting í klasi 3 og 4 í Flatahverfi á Akranesi.

Breytingin felst m.a. í að á lóð nr. 2-8 við Tindaflöt er byggingarreitur vegna stigahúsa stækkaður, íbúðum fjölgar úr 35 í 37 og byggð verður neðanjarðarbílgeymsla með 22 bíla-stæðum.

Framangreind deiliskipulagsbreyting var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

Akranesi, 11. febrúar 2005.

Sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs Akraneskaupstaðar,

Þorvaldur Vestmann.